



2, 12.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Nóv. 1907.

BÚIÐ TIL SÓLSKIN !*)

Svo lýsi og yðvart ljós öðrum mönnum, að þeir sjái yðar góðverk og vegsami yðar himneska föður (Matt. 5, 16).

Ungu vinir !

Veturinn er nú nýbyrjaður. Og ljósið er að verða minna og minna. Okkur finst það verða of lítið. Og við vildum helst, að við gætum aukið það — hefðum vald til þess að búa til sólskin.

Það er svo margt, sem búið er til og fundið er upp á nú á dögum. Fólk talar saman, þótt langt langt sé á milli. Og menn sendast á fréttir í gegn um loftið mörg þúsund mílur. Og nú er í ákafa reynt að sigla gegn um loftið. Menn eru einlægt að reyna að gera það, sem áður þótti ómögulegt. Því miður er stundum látið vera að gera það, sem innan handar er að gera og ætti að gera og væri svo gott, ef allir vildu gera.

Maður einn í New York var einu sinni að reyna að búa til sólskin. En honum tókst það ekki á þann hátt, sem hann ætlaði sér að gera það, eins og þið víst getið nærri. En gaman

*) Úr ræðu við barnaguðspjónustu í Selkirk á allra heilagra messu 1907.

hefði verið, ef vél væri til, sem gæti búið til sólskin. Og ekki þyrfti annað en að setja hana á stað, þegar dimt er og nætur eru orðnar langar, þá yrði loftið alt logandi bjart. Væri það ekki gaman?

En nú er samt hægt að *búa til sólskin*. Og við getum gert það. Þið, börn! getið gert það. Já, það er satt! Þið getið búið til sólskin. Að vísu ekki samskonar sólskin og maðurinn í New York ætlaði sér að búa til. Ónei! Það er annarskonar sólskin. Og guð vill einmitt gera okkur mennina að *lifandi vélum* — ef leyfilegt er að brúka samlíkinguna—, sem einlægt eru að búa til sólskin — gera himininn bjartan fyrir ofan sig og heiminn bjartan í kring um sig.

„Mamma!“—sagði drengur einn, sem kom frá kirkju— „veistu, hvað presturinn sagði í dag? Hann sagði, að við ættum að búa til sólskin.“ — „Já, það er satt!“—sagði móðirin, sem skildi, hvað átt var við.—„Eg veit, að drengurinn minn getur búið til sólskin. Hann hefur gert það stundum. En stundum hefur hann búið til myrkur, því miður. Mömmu er illa við myrkrið hans. Hún er hrædd við það. En blessað sólskinið, sem hann býr til, þykir henni svo undur vænt um. Og hún óskar þess og biður, að drengurinn hennar megi búa til mikið af sólskini bæði fyrir hana og marga aðra. Langar þig ekki til þess, elskan mín?“ — Og hann leit brosandi framan í mömmu sína og sagði: „Jú, það langar mig til. En hvernig á eg að fara að því?“

Og mamma hans sagði honum frá því. Hið sama vil eg gera. Eg vil segja ykkur frá því, hvernig þið eigið að fara að því að búa til sólskin.

Þegar þið eruð *glöð* og *ánægð*, þá eruð þið að búa til sólskin. Og þegar þið eruð *góð* og *hlýðin* og *hjálpðóm* og *brjóstgóð* og *viljið öllum vel gera* og eruð *elskuleg*,— þá eruð þið að búa til sólskin.

Þetta getið þið; því hann—drottinn—sem segir: *Látið ljós yðar skína*—, gefur ykkur sjálfur ljósið. Hann kennir ykkur að búa þetta sólskin til.

Jesús Kristur er ljós heimsins — stóra sólin, sem gerir himininn svo ljómandi bjartan og býr til alt sólskinið í heiminum.

Þegar hann var hér á jörðunni, huggaði hann þá, sem harmþrungnir voru; hjálpaði þeim, sem bágt áttu; læknaði þá, sem sjúkir voru; lifgaði þá, sem dánir voru; og gerði þá að góðum börnum, sem vonðir voru. Hann bjó til sólskin handa öllu þessu fólki. Lét sólskin verða í hjörtum þeirra. Sólskin

yfir lífi þeirra. Og sólskin yfir dauða þeirra og eilífðinni miklu, sem þeir áttu í vændum. Og svo lét hann þá sjálfa fara að búa til sólskin. Og þeim þótti vænt um að fá að vera með honum að búa til sólskin. Og þeir þráðu að geta búið mikið til af því — eins mikið og þeim væri unt, og láta það skína bæði í ærri sér og langt burtu og ná til margra.

Og síðan Jesús fór til föðursins og hætti að vera sýnilega nálægur á jörðunni hefur hann stöðugt haldið áfram með að búa til sólskin í heiminum. Sólskinið hans hefur allsstaðar lýst, þar sem orðið um hann hefur verið prédikað og á hann hefur verið trúað.

Í hjörtum allra þeirra, sem trúað hafa á hann, hefur hann búið til sólskin. Þeir hafa orðið vissir um það, að guð væri elskulegur faðir þeirra, sem fyrirgæfi þeim og elskaði þá eins og börnin sín, og gæfi þeim anda sinn, svo þeir gætu lifað eins og elskuleg börn hans. Þetta hefur kent þeim að elska og gert þá glaða og vongóða og hughrausta og þolinmóða. Og svo hefur það glatt þá líka að vita, að guð hefur gefið öllum mönnum son sinn Jesús Krist og vill, að allir menn sé börnin sín fyrir hann. Og að hann, almáttugur og góður faðir á himnum, stjórnar öllum heiminum. Og þessi trú þeirra hefur orðið að sólskini, sem lýst hefur mörgum til föðursins og gert þeim lífið miklu hjartara og himininn hjartari. Og svo hefur þá langað til að vera með Jesú og í nafni hans að búa til sólskin í heiminum.

Jesús Kristur hefur líka verið að búa til sólskin hérna í Selkirk hjá okkur. Og vill fá að búa til miklu meira sólskin: sólskin trúar og friðar og kærleika og guðsótta. Og hann vill hjálpa okkur öllum og ykkur, ungu vinir mínir! til þess að búa til mikið sólskin:— sólskin heima hjá ykkur, sólskin í skólanum, sólskin í kirkjunni, og sólskin úti á strætunum. Sólskin fyrir hana mömmu ykkar og pabba ykkar og systkinin ykkar. Sólskin fyrir kennarana ykkar alla og prestinn ykkar. Sólskin fyrir stallbræður ykkar og stallsystur. Sólskin fyrir einhvern, sem bágt á og þið getið hjálpað. Sólskin, sem nær út yfir hópinn okkar hérna — til þeirra, sem lengra eru í burtu, jafnvel langt langt í burtu.

Þykir ykkur ekki vænt um það, að þið getið búið til sólskin? Að drottinn Jesús vill láta ykkur vera með sér að gera það, og vill kenna ykkur að gera það? Og langar ykkur ekki til þess?

Vitanlega langar ykkur til þess. Það er ómögulegt annað. Því ekki langar ykkur til þess að búa til myrkur—ykkur, börn-

in, sem elskið ljósið. Ekki langar ykkur til þess að gera myrkrið meira í heiminum—vera með honum, myrkra-höfðingjanum, sem alt ljóta myrkrið kemur frá. Nei, það nær engri átt! *Sólskin—mikið sólskin—viljið þið búa til.* Og það getið þið, ef Jesús fær að vera ykkar ljós. Hann lætur ykkur fá meiri og meiri óbeit á myrkriinu, öllu því ljóta og vonða, á syndinni, bæði í hennar finni og grófgerðari myndum: á ólundinni, óánægjunni, möglinu, illindinu, óeinlægninni, ósannsöglinni, undirferlinu, öfundinni, ódrenglyndinu, lausmælginni og lubba-skapnum, kærleiksleysinu og miskunnarleysinu í orðum og gerðum. Alt þetta og margt fleira heyrir myrkriinu til, sem Jesús Kristur, ferslarrinn ykkar, lætur ykkur hafa skömm á og kemur ykkur til þess að forðast, ef hann fær að kenna ykkur og hafa áhrif á ykkur. En um leið vex ljósið ykkar. Og fyrir ykkur eykst þá sólskinið í heiminum.

Er ekki dýrðlegt að hugsa til þess, að þið hafið verið með í því að auka sólskinið í heiminum? Eg hefði haldið það. Látið þá í *Jesú nafni ljós ykkar lýsa öðrum mönnum, svo þeir sjái góðverk ykkar, og vegsami föður ykkar á himnum.* Amen!

GÖFUGLYNDI.

Lítill „götu-strákur“ komst inn á strætisvagn og náði sér í sæti. Hann lagðist út af og sofnaði undir eins. Spjarirnar fáu á kroppnum voru gauðrifnir garmar. Berir fæturnir, mórauðir og harðir. Andlitið kámuft. Hattgarmurinn hans datt af höfðinu, og sást þá hár-lubbi, sem leit út fyrir að greiða hefði aldrei komið í. Þarna lá hann sofandi með kollinn litla á hörðum bekknum. Ung stúlka, vel klædd og falleg og góðleg á svipinn, sat í bekknum rétt á móti. Hún laut að honum og stakk viðkvæmt mjúka handskjólínu sínu loðna undir höfuðið á honum. Maður, sem sat nálægt, kinkaði kalli til hennar, fór ofan í vasa sinn, tók upp peninga og fékk henni handa drengnum. Hið sama gerði sá næsti, og svo hver af öðrum, koll af kalli, þangað til hún, kafrjóð orðin í framan, var búin að fá, áður en hún vissi af, eitthvað hjá öllum í vagninum handa aumingja drengnum. Hún lét það svo í hattinn hans, og stakk honum undir höndina á honum. Þá dró hún með mestu varasemi handskjólíð sitt undan kollinum á honum, benti vagnstjóra að nema staðar, og gekk út.

Stúlkan sú arna bjó til sólskin, og kom öðrum til þess að

gera það líka. Hún var ekki of „fín“ til þess að koma við óhreina drenginn litla; og ekki óttaðist hún það, að óhreini kollurinn hans óhreinkaði fallega handskjólíð hennar. Við sjáum birtuna í kring um hana, og finnum hlýindin þaðan leggja á móti okkur. — En fallegast er sólskinið hennar fyrir það, að hún vill ekki láta neitt bera á sér.

MÉR HEFÐI ÞÓTT ÞAÐ LIKA!

Haft er eftir Pett Ridge, blaðamanni í Lundúnum og rithöfundu, að hann álti, að þegar til alls komi, þá komi hnittilegustu svörin og bestu frá almúgafólki, af því þau komi ósjálfrátt og beint frá hjartanu. Máli sínu til stuðnings segir hann söguna, sem hér fer á eftir. Og enginn vafi er á því, að alveg ljómandi hnittilega er svarað.

Það var kona nokkur, sem hafði verið að selja fisk. Hún fór inn í omníbúsinn með körfuna sína tóma á handleggnum. Megn fisk-þefur var af körfunni. Hún settist í autt sæti rétt hjá ungum manni af heldra tægi. Hann dró óðar að sér frakkalöfin sín, og lét í ljós einlægan viðbjóð á sessunaut sínum.

Konan segir við hann undir eins: „Eg býst við, að yður hefði þótt betra, ef einhver finni maður hefði setið hjá yður?“

„Já, það hefði mér þótt!“—svaraði hann fljótt.

Eftir stundar-þögn segir hún svo: „Já, mér hefði þótt það líka!“

Ungi maðurinn, sem hér segir frá, var ólíkur ungu stúlkuinni þeirri, er segir frá í sögu-korninu næsta á undan. Hann bjó ekki til sólskin. En konan, sem varð fyrir myrkrinu og kuldanum af hans hendi, lét það ekki fá neitt á sig. Hún sneri því upp í spaug, sem varð til þess, að náungi þessi fann til. Og það er svo miklu betra en að reiðast. Að reiðast er að mæta myrkri með myrkri. Úr því verður aldrei ljós.

BÆNIN HENNAR ELSU.

Eftir *V. McDonald Forbes*.
(Lausl. þýtt.)

Í þorpi einu skamt frá New York bjó maður, sem Walton hét. Hann átti 4 börn. Hið elsta þeirra var stúlka, 12 ára

gömul, María að nafni. Móðir þeirra var dáin 6 mánuðum áður en faðir þeirra flutti sig til þorpsins. Nú höfðu þau ekki átt þarna heima nema lítinn tíma. Heimilið var lítið hús, brúnt á lit, með 4 herbergjum. Börnunum fanst þar vera dimt og ein-manalegt.

Walton hafði fengið vinnu. En var óánægður með hana. Vildi því gjarnan komast að annarri stöðu.

Þá var það einn laugardag að áliðnum degi, að hann fékk bréf. Hann var nýkominn heim, og ætlaði sér að vera heima það, sem eftir var af deginum, hjá börnunum sínum móðurlausu, þeim og sjálfum honum til ánægju. Í bréfinu stóð, að honum stæði til boða betri staða, en nauðsynlegt væri, að hann kæmi þegar. En til bæjar var að fara, 30—40 mílur í burtu. Hann bregður við og fer samstundis á stað. Börnin skilur hann eftir ein. Á elsta dóttir hans, María, að sjá um þau og heimilið. Hann segir þeim, að þau megi ekki búast við sér heim aftur fyrr en næsta dag.

Nú líður á daginn og komið er að kvöldi. Þá skellur á ríring með ofviðri, svo að hriktir í hurðum og gluggum. Börnin verða hrædd, og getur María, þó hún reyni, ekki leynt hræðslu sinni.

„Hvar ætli pabbi hafi látið peningana sína, þegar hann fór?“—spurði Hagbarður, sem næstur var Maríu að aldri.

„Þeir eru undir gólfteppinu hjá legubekknunum,“—sagði María. — „En ef ræningjar koma, skjóta þeir okkur, nema við segjum þeim til þeirra. Pabbi sagði frá manni, sem komið hafði á eftir honum, þegar hann var að koma heim. Og sama manninn hafði hann séð inni í afgreiðslustofunni, þegar honum voru borgaðir peningarnir hans. Eg er svo hrædd um, að hann komi nú í kvöld meðan pabbi er burtu.“

„Æ, eg vildi, að pabbi hefði ekki þurft að vera að fara burtu frá okkur!“—agði Elsa litla.

„Je' e' so syfjaður!“—sagði litill Teddi, minstur allra í hópnun. María tók litla bróður sinn og fór með hann inn í svefnherbergið, til þess að afklæða hann; en rétt í því heyrir barið hart á dyrnar. Börnin verða öll skjálfandi hrædd. María hressir þó upp hugann og segir: „Við verðum að opna. En við megum ekki láta sjá neitt á okkur, að við séum hrædd. Þið vitið líka, að guð sér um okkur.“

Svo lýkur hún upp. Og inn kemur hár maður sterklegur, skuggalegur á svip og hvasseygður. Hann horfir snarlega í kring um sig. Svo spyr hann: „Má eg vera hér í nótt, stúlka litla? Eg ætlaði mér til borgarinnar; en veðrið er svo slæmt,

og eg er búinn að ganga svo langt, og er orðinn of lúinn til þess að fara lengra.“

„Já, þú mátt vera“—sagði María.—„Við höfum ekki mikið rúm. En pabbi er ekki heima, svo þú getur verið í rúminu hans.“

Komumaður tók sér sæti hjá stónni, og fór að reyna til að þurka úr fötunum sínum. En María fór að koma Tedda litla í rúmið. „Má eg fara að háttu líka?“—spurði Elsa. Henni var leyft það. Og svo fór hún með systur sinni, og þær létu hurðina að svefnherberginu aftur á eftir sér. En hún hrökk upp aftur í hálfu gátt, svo að komumaður gat séð og heyrt alt, sem fram fór inni í herberginu hjá þeim.

„Teggi verður að hafa yfir bænirnar sínar áður en hann fer að sofa“—sagði María við Tedda. Hann krýpur óðar á lúne við rúmstokkinn.

Úr eldhúsinu horfir nú komumaður á barnið hvítklædda krjúpandi við rúmstokkinn sinn og með samanlagðar hendurnar, og hann heyrir það hafa upp eftir systur þess barnabænina, sem hún hafði upp fyrir því.

Að því búnu hjálpar María Elsu systur sinni úr fötunum. Og á meðan er hún að hughreysta hana og segja henni, að guð sjái um þau. Þau eigi að treysta honum og ekki vera hrædd við neitt.

Áður en Elsa fer í rúmið gerir hún það sama og bróðir hennar, krýpur við rúmið sitt og biður með sömu bæn; en bætir þessu við frá eigin brjósti: „Góði guð! gerðu svo vel og sjáðu um Maríu og Tedda og Barða og mig í nótt, af því pabbi er ekki heima, og við eigum enga mömmu nú. Og góði guð! gerðu svo vel og láttu ekki manninn úti í eldhúsinu gera okkur neitt ilt. Gerðu svo vel og gefðu honum gott hjarta, og hjálpaðu honum til að gera það, sem rétt er, fyrir Jesúm Krist. Amen.“

María kyssir svo börnin og býður þeim góða nótt, eins og hún hafði séð mömmu sína gera. Tárin, sem koma vildu, kæfir hún. Hressir hún upp hugann og tekur ljósið og fer frá systkinunum sínum sofandi.

Á meðan á þessu stóð sat komumaður úti í eldhúsinu og heyrði hvert orð, eins og getið var um. Bæn barnanna hafði áhrif á hann, ekki síst bæn Elsu um, að guð mætti hjálpa honum til þess að gera það, sem væri rétt.

Hann var maðurinn, sem hafði séð Walton taka við peningunum og farið á eftir honum í þeim tilgangi að ræna hann. Um mörg ár hafði hann framið önnur eins ódávaverk. Fyr-

ir öllum góðum röddum hafði hann lokað eyrum sínum og hjarta. En með hinum einföldu bænarorðum litlu stúlunnar snart nú andi guðs hjarta hans. Hann beygði sig niður og grúfði niður í hendur sínar. Mintist bernsku-daga sinna, bernsku-sakleysisins og bænanna, sem móðir hans hafði líka kent honum að biðja með. Mintist þess, hvernig hann hafði varpað öllu góðu frá sér, en gefið hinu vonda lausan tauminn. Og hann grét—grét aftur eins og barn. Og hann hét því, að hann skyldi ekki gera börnum þessum neitt ilt, og óskaði þess, að hann gæti orðið annar og betri maður.

Þegar María kemur út í eldhúsið til hans, biður hann hana að vísa sér til sængur.—

Morgundagurinn rann upp bjartur og líður. Börnin höfðu sofist vel og ekkert hafði grandað þeim. Komumaður beið, þangað til búist var að borða morgunverð. Þá þakkar hann þeim mjög innilega fyrir, hvað góð þau hafi verið sér. Segist aldrei skuli gleyma þeim. Kveður þau svo og fer.

Bænin hennar Elsu litlu hafði frelsað börnin, — hefur og líklega orðið komumanni til varanlegrar blessunar.

TIL GAMANS.

Lítilræði.—Piltur, sem lokið hafði skólanámi, var að kveðja einn kennarann sinn. Hann langaði til að gera það innilega. Segir því við hann: „Eg á yður að þakka alt, sem eg veit.“ „Ó, minnst þér ekki á það lítilræði!“ svaraði kennarinn.

Hrukkur.—Drengur segir við föður sinn: „Pabbi, hvað eru hrukkur?“

Faðirinn: „Vefur geðvonsku og umkvörtunar-sýki, sonur minn.“

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „*Sam.*“, hálf örk. *Address* ritstjóra „*Barnanna*“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „*Sam.*“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaður „*Sam.*“ og „*Barnanna*“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man. Canada.